

Mál nr. 156/2013
M
og V v/ ábyrgðartryggingar A.

Slys við sundlaug 4.febrúar 2010.

Gögn.

1. Málskot móttengið 15. apríl 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 10. maí 2013 ásamt útprentuðum upplýsingum um veðurfar í Reykjavík 4. febrúar 2010.

Málsatvik.

M var gestur í sundlaug A þann 4. febrúar 2010 þegar hún rann til og slasaðist, nánar tiltekið kveðst hún hafa verið að ganga úr heitum potti í átt að vaðlaug á sundlaugarsvæðinu.

M vísar til þess að hún hafi runnið til vegna hálfu þar sem ekki voru gerðar ráðstafanir af hálfu starfsmanna A til að koma í veg fyrir eða vara við hálfu á sundlaugarsvæðinu. M leggur fram skýrslur frá tveimur sjónarvottum dagsettar í lok árs 2012 um að hálka hafi verið á sundlaugarsvæðinu og þeir hafi séð þegar M féll við í febrúar 2010. M vísar auk þess til 2.mgr. 5.gr. þágildandi reglugerðar nr. 547/1998 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum þar sem kemur fram að það skuli halda gönguleiðum við útilaugar frostfríum, sem og 2.mgr. 9.gr. sömu reglugerðar um að merkja skuli greinilega alla þætti varðandi öryggi og slysaþætti á sundstöðum. Þessa hafi ekki verið gætt þrátt fyrir að full ástæða hafi verið til vegna veðuraðstæðna og því beri A skaðabótábyrgð á líkamstjóni M.

V telur málsatvik ekki nægilega upplýst þar sem M hafi ekki tilkynnt starfsmönnum A um slysið fyrr en nokkrum dögum eftir 4. febrúar 2010. Því liggi ekki fyrir nákvæmlega hvar M féll og hvaða aðstæður hafi verið á vettvangi þegar það gerðist. V telur ekki unnt að taka mið af skýrslum sjónarvotta þar sem þær eru seint fram komnar og ekki sé ljóst hver tengsl þeirra við M séu. V telur að ákvæði 2.mgr. 5.gr. reglugerðar nr. 547/1998 feli einungis í sér fyrirmæli um að gönguleiðum við útilaugar skuli haldið frostfríum en ekki öllu svæðinu við sundlaugina. Þar sem ekki sé ljóst hvar M féll sé ekki sannað að hún hafi fallið á slíkri gönguleið. Auk þess vísar V til þess að gönguleiðir á laugarsvæðinu séu upphitaðar og þann 4.febrúar 2010 hafi lofthiti á höfuðborgarsvæðinu ekki farið niður fyrir -2 gráður. Það sé því útilokað að hrím hafi myndast á sundlaugarbakkanum þannig að starfsmenn A hefðu átt að bregðast sérstaklega við. Að lokum vísar V til þess að M hafi skömmu áður gengið úr búningsklefa út á sundlaugarsvæðið og hafi því átt að vera ljósar aðstæður á svæðinu.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort M eigi rétt á skaðabótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V þegar hún féll við sundlaug A þann 4.febrúar 2010. Nánar tiltekið hvort rekja megi fall hennar til þess að starfsmenn A hafi sýnt saknæma háttsemi, með því að gera ekki ráðstafanir vegna mögulegrar hálfu, og hvort brotið hafi verið gegn fyrirmælum í reglugerð nr. 547/1998 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum um frostfríar gönguleiðir við útilaugar.

Þegar gögn málsins eru metin verður ekki talið sannað nákvæmlega hvar M féll, hvort það var á gönguleið og hvaða aðstæður voru þar sem hún féll. Í ljósi þess að M tilkynnti starfsmönnum A ekki um fallið fyrr en nokkrum dögum síðar verður sönnunarbyrði um atvik og aðstæður ekki lögð á A. Það stóð M nær að tryggja sér sönnun um aðstæður á vettvangi í greint sinn. Verður ekki, m.t.t. þeirra gagna sem hafa verið lögð fyrir nefndina og almennra sönnunarreglna, talið sýnt fram á að starfsmenn A hafi brotið gegn fyrirmælum í reglum eða reglugerðum eða á annan hátt vanrækt að gera ráðstafanir vegna veðuraðstæðna. Ekki verður því lögð skaðabótaábyrgð á A vegna slyssins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 28. maí 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.